

Alur Álvinnsla ehf.
Klafastaðavegi 4
Akranes 301
Ísland

21. september 2026, Reykjavík
UOS-3354

Efni: Úrbótaáætlun vegna frávika í eftirliti

Umhverfis- og orkustofnun vísar í bréf sitt frá 29. janúar 2026, þar sem fram kom að frávik hefðu verið skráð í eftirliti í Al Álvinnslu ehf., Grundartanga þann 13. nóvember 2025. Þann 10. febrúar 2026 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Fimm eldri frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram.

Frávik frá	Lýsing á fráviki	Staða á fráviki
gr. 2.14 í eldra starfsleyfi	Frávikið var skráð: 6. nóvember 2017 Allur úrgangur skal færður til viðeigandi meðhöndlunar, annað hvort beint til endurnýtingar eða í söfnunar- eða móttökustöð og þaðan til endurnýtingar eða förgunar, eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð eða samþykktum sveitarfélaga. <i>Saltkaka og gjallsandur eru enn í geymslu innan- og utandyra, m.a. í gámum á lóðinni að Klafastaðavegi 6. Samkvæmt grænu bókhaldi féllu til 1.920 tonn af saltköku og 2.979 tonn af gjallsandi árið 2025.</i>	Lokað
Tillögur rekstraraðila:	Ný vinnslulína fyrir saltköku og gjallsand hefur verið sett upp. Umhverfis- og orkustofnun veitti rekstraraðila bráðabirgðaheimild til reksturs hennar þann 29. janúar 2026. Heimildin gildir þar til breytt starfsleyfi hefur verið gefið út, en þó eigi lengur en til 29. janúar 2027. Samkvæmt grænu bókhaldi er gert ráð fyrir að vinnslulínan verði komin í fulla vinnslu haustið 2026. Í úrbótaáætlun kemur fram að tafir hafi orðið á endurvinnsluferli og frágangi lóðar.	

gr. 2.5. í eldra starfsleyfi	Frávikið var skráð: 22. Janúar 2018 Losun mengunarefna í loft yfir viðmiðunarmörkum <i>Styrkur vetnisflúoríðs í útblæstri mældist 17,9 mg/Nm³ í október 2017.</i>	Opið
Tillögur rekstraraðila:	Nýtt hreinsivirki hefur verið keypt. Í eftirliti kom fram að það væri væntanlegt til landsins í desember 2025 og samkvæmt grænu bókhaldi var gert ráð fyrir að það yrði tekið í rekstur um mitt ár 2026. Í úrbótaáætlun kemur fram að tafir hafi orðið á úrbótum á hreinsivirki	
gr. 2.5 í eldra starfsleyfi	Frávikið var skráð: 14. júní 2019 Losun mengunarefna í loft yfir viðmiðunarmörkum <i>Styrkur vetnisflúoríðs í útblæstri mældist yfir losunarmörkum í apríl 2019.</i>	Opið
	Nýtt hreinsivirki hefur verið keypt. Í eftirliti kom fram að það væri væntanlegt til landsins í desember 2025 og samkvæmt grænu bókhaldi var gert ráð fyrir að það yrði tekið í rekstur um mitt ár 2026. Í úrbótaáætlun kemur fram að tafir hafi orðið á úrbótum á hreinsivirki.	
gr. 2.5 í eldra starfsleyfi	Frávikið var skráð: 8. september 2021 Losun mengunarefna í loft yfir viðmiðunarmörkum <i>Styrkur vetnisflúoríðs í útblæstri mældist 22,5 mg/Nm³ í nóvember 2020 og 6,5 mg/Nm³ í september 2021.</i>	Opið
	Nýtt hreinsivirki hefur verið keypt. Í eftirliti kom fram að það væri væntanlegt til landsins í desember 2025 og samkvæmt grænu bókhaldi var gert ráð fyrir að það yrði tekið í rekstur um mitt ár 2026. Í úrbótaáætlun kemur fram að tafir hafi orðið á úrbótum á hreinsivirki.	
gr. 3.5 í starfsleyfi	Frávikið var skráð: 22. desember 2022 Rekstraraðilar atvinnurekstrar skulu tryggja að starfsemi þeirra sé í samræmi við eftirfarandi meginreglur: a. að gerðar séu allar viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir mengun	Opið

	<i>Helstu ryk uppsprettur skulu vera með virkar mengunarvarnir. Ítrekuð rykmengun er um báðar innkeyrsludyr á suðurhlið verksmiðjuhússins.</i>	
	Úrbótaáætlanir bárust 24. janúar 2023 og 8. ágúst 2023. Í úrbótaáætlun kemur ekki fram hvenær úrbótum lýkur.	

Fjögur ný frávik komu fram er varða:

Frávik frá	Lýsing á fráviki	Staða á fráviki
6. gr. laga nr. 7/1998	Frávikið var skráð: 13. nóvember 2025 Allur atvinnurekstur sbr. viðauka I, II og IV, skal hafa gilt starfsleyfi sem Umhverfis- og orkustofnun eða heilbrigðisnefndir gefa út, sbr. þó 7. gr. a og 8. gr. <i>Starfsleyfi rekstraraðila er bundið við Klafastaðaveg 4. Rekstraraðili er þó einnig með starfsemi á Klafastaðavegi 6 og Tangavegi 3 sem ekki er með starfsleyfi</i>	Opið
Tillögur rekstraraðila:	Samkvæmt grænu bókhaldi hefur verið sótt um breytingu á starfsleyfi og er reiknað með að vinnu við nýtt starfsleyfi ljúki á árinu 2026.	
gr. 2.4 í starfsleyfi	Frávikið var skráð: 13. nóvember 2025 Aðgangsstýring ekki til staðar eða er ábótavant <i>Vinnusvæði, geymsla hráefna og framleiðsluvöru skulu vera lokuð og afgirt og aðgangur óviðkomandi bannaður. Greiður aðgangur er að athafnasvæði rekstraraðila norðanmegin við verksmiðjuhús.</i>	Opið
Tillögur rekstraraðila:	Í úrbótaáætlun kemur fram að tafir hafi orðið á frágangi lóðar. Aðgerðir og tímasetning vegna fráviksins eru ekki tilgreindar.	
gr. 3.7 í starfsleyfi	Frávikið var skráð: 13. nóvember 2025	Opið

	Losun mengunarefna í loft yfir viðmiðunarmörkum <i>Mælingar í útblæstri voru framkvæmdar 14. mars 2024. Mælt var ryk, loftkennt flúoríð (HF), HCl og Cl₂ í útblæstir og reyndust öll gildi, nema Cl₂, vera yfir losunarmörkum í starfsleyfi</i>	
Tillögur rekstraraðila:	Nýtt hreinsivirki hefur verið keypt. Í eftirliti kom fram að það væri væntanlegt til landsins í desember 2025 og samkvæmt grænu bókhaldi var gert ráð fyrir að það yrði tekið í rekstur um mitt ár 2026. Í úrbótaáætlun kemur fram að tafir hafi orðið á úrbótum á hreinsivirki. Samkvæmt áritun skoðunarmanns í grænu bókhaldi sýndu mælingar að endurbætur á núverandi hreinsivirki hefðu ekki staðist væntingar.	
gr. 4.4 í starfsleyfi	Frávikið var skráð: 13. nóvember 2025 Rekstraraðili skal standa fyrir eða taka þátt í vöktun á helstu umhverfispáttum í nágrenni starfsstöðvar í samræmi við umfang losunar. <i>Rekstraraðili skal árlega meta heildarlosun verksmiðjunnar af ryki, PAH efnum, PCDD/F efnum, NO_x og þungmálum. Mati fyrir árið 2024 hefur ekki verið skilað.</i>	Opið
Tillögur rekstraraðila:	Ekki er fjallað um frávikið í úrbótaáætlun. Stofnuninni hefur hvorki borist mat fyrir árið 2024 né 2025.	

Umhverfis- og orkustofnun fellst ekki á úrbótaáætlun rekstraraðila þar sem í umfjöllun um sum frávikin kemur hvorki fram í hverju úrbætur felast né hvenær úrbótum lýkur.

Í samræmi við 58. gr. reglugerðar nr. 550/2018 óskar stofnunin eftir eftirfarandi:

1. Tímasettri úrbótaáætlun fyrir hvert þeirra frávika sem talin eru upp hér að framan, þar sem fram komi þær aðgerðir sem ráðist verður í, hvenær þeim lýkur og hvernig sýnt verður fram á árangur.
2. Upplýsingum um stöðu nýs hreinsivirkis og hvenær það verður tekið í rekstur.
3. Niðurstöðum mælinga í útblæstri fyrir árið 2025, sbr. gr. 4.3 í starfsleyfi.
4. Mati á heildarlosun fyrir árin 2024 og 2025, sbr. gr. 4.4 í starfsleyfi.

Gögnin skulu berast stofnuninni eigi síðar en **12. október 2026**.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfis- og orkustofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Kjartan Guðmundsson

Sérfræðingur í teymi eftirlits

Freyr Ævarsson

Sérfræðingur í teymi eftirlits